

SKÝRSLA

**EVROÞUNEFNDAR
FRAMSÓKNARFLOKKSINS**

MARS 2007

FORMÁLI

Á flokksþingi Framsóknarflokksins haldið 25.–27. febrúar 2005 var í ályktun um utanríkismál ályktað að Framsóknarflokkurinn skuli á sínum vettvangi halda áfram upplýsingaöflun og vinnu við mótun samningsmarkmiða og hugsanlegs undirbúnings aðildarviðræðna við Evrópusambandið. Og að niðurstöðu þeirrar vinnu skuli bera undir næsta flokksþing – til kynningar.

Á fundi framkvæmdastjórnar Framsóknarflokksins þann 21. mars, sama ár, var ákveðið að skipa sérstaka Evrópunefnd til verksins. Lagt var til að nefndin yrði skipuð tveimur fulltrúum úr hverju kjördæmanna, þingmönnum Framsóknarflokksins í utanríkismálanefnd Alþingis og fulltrúum Framsóknarflokksins í Evrópunefnd forsætisráðherra. Í nefndina voru skipuð: Orri Vignir Hlöðversson, formaður nefndarinnar, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir og Tómas Gunnar Sæmundsson úr Norðvesturkjördæmi, Gerður Jónsdóttir og Pétur Snæbjörnsson úr Norðausturkjördæmi, Hrafnkell Karlsson og Ásborg Ósk Arnþórsdóttir úr Suðurkjördæmi, Andrés Pétursson og Hildur Helga Gísladóttir úr Suðvesturkjördæmi, Árdís Ármannsdóttir og Ragnar Þorgeirsson úr Reykjavíkurborgkjördæmi suður, Bjarni Ragnar Brynjólfsson og Marsibil Jóna Sæmundsdóttir úr Reykjavíkurborgkjördæmi norður. Siv Friðleifsdóttir, frá mars 2005 til mars 2006, Magnús Stefánsson frá mars 2006 til júní 2006, Hjálmar Waag Árnason, Jónína Bjartmarz, Jón Kristjánsson frá mars 2006 og Sæunn Stefánsdóttir frá september 2006. Starfsmaður nefndarinnar var Einar Gunnar Einarsson, starfsmaður skrifstofu Framsóknarflokksins.

Nefndin hélt alls 14 fundi á starfstíma sínum og fóru allir nema einn þeirra fram í húsakynnum Framsóknarflokksins að Hverfisgötu 33. Til fundanna voru kvaddir hinir ýmsu sérfræðingar sem nefndarmenn töldu að skerpt gætu sýn þeirra á málefnið. Starfi nefndarinnar má skipta í þrjá hluta:

1) **Upplýsingaöflun og stöðumat.** Grunn gagn og upphafspunktur í skoðun nefndarinnar var nefndarálit fyrri Evrópunefndar framsóknarmanna sem skilað var í upphafi ársins 2001. Teknar voru til skoðunar ýmsar skýrslur og greinar um stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu sem unnar hafa verið upp á undanförunum árum af stjórnsýslu, fjölmiðlum, háskólum, fjármálastofnunum og öðrum greiningaraðilum. Loks var lögð til grundvallar sú þróun sem átt hefur sér stað á undanförunum árum á vettvangi ESB. Þar var einkum horft til stækkunar sambandsins, stjórnarskrármála sambandsins, gjaldeyrismála og öryggis- og varnarmála.

2) **EES–samningurinn.** Í skýrslu Halldórs Ásgrímssonar utanríkisráðherra frá árinu 2000 var farið var í gegnum helstu þætti EES samningsins og þeir skoðaðir með tilliti til hugsanlega samningsmarkmiða. Farið var í gegnum skýrsluna á fundum nefndarinnar. Nefndin telur að árangurinn

af samstarfinu innan EES sé góður og þar hafi tekist að tryggja hagsmuni Íslendinga vel. Fátt kom því fram við skoðun á samningnum sem á þessu stigi máls getur talist getur til sérstakra samningsmarkmiða í aðildarviðræðum umfram þann ávinning sem samningurinn hefur þegar tryggt okkur.

3) **Mál til sérstakrar skoðunar.** Nefndarmenn voru sammála um að í ljósi mikilvægis væri rétt að skoða sérstaklega tiltekna málaflokka sem gjarnan eru ofarlega á baugi héraendis þegar Evrópumál ber á góma. Þessir málaflokkar eru sjávarútvegur, landbúnaður, gjaldeyrismál og öryggis- og varnarmál.

Með tilliti til ofangreinds freistaði nefndin þess að stilla upp samningsmarkmiðum og leggja fram til kynningar á vettvangi Framsóknarflokksins líkt og kveðið er á um í umboði hennar. Tekið skal fram að þótt vissulega sé hér horft yfir hið evrópska svið í heild sinni er hér ekki um tæmandi lýsingu á samningsmarkmiðum Íslands að ræða. Það er hinsvegar von nefndarmanna að vinna þeirra verði grundvöllur áframhaldandi málefnalegar umræðu um Evrópumál á vettvangi Framsóknarflokksins í framtíðinni.

SAMANTEKT

Eitt af mikilvægustu viðfangsefnum stjórnmalanna á hverjum tíma er að leita þjóðarsáttar um mikilvægustu utanríkismál og samskipti við erlendar þjóðir. Málefnið snertir fullveldi þjóðarinnar og afstaða Íslendinga á að mótast af sjálfstæðum vilja og metnaði okkar sem frjálsrar þjóðar.

Allt frá því að samningurinn um Evrópska Efnahagssvæðið tók gildi þann 1. janúar 1994 hefur spurningin um fulla aðild Íslendinga að Evrópusambandinu verið til umræðu. Þar hafa kostir og gallar aðildar verið metnir og ljóst að skoðanir eru skiptar. Slík umræða er þó mikilvæg, ekki síst vegna þess hversu miklum breytingum Evrópusambandið hefur tekið á undanförunum árum þar sem innri þróun hefur verið hröð og á sama tíma hefur fjöldi aðildarríkja nær tvöfaldast.

Framsóknarflokkurinn vill vera leiðandi afl í Evrópuumræðunni á Íslandi. Líkt og í öðrum stjórnmalaflokkum héraendis er mismunur á afstöðu manna til Evrópusambandsaðildar. En burtséð frá því er mikilvægt að til staðar sé þekking innan flokksins sem unnt er að byggja á ef mál taka aðra stefnu á vettvangi Evrópumála en verið hefur undanfarinn áratug eða svo.

Ýmislegt getur breytt viðhorfum í Evrópumálum. Atvik kunna að skerpa á hagsmunum þjóðarinnar fyrir virka og beina þátttöku í undirbúningi og mótun mála á Evrópuvettvangi. Kröfur um lækkaðan viðskiptakostnað geta aukist af hálfu almennings og atvinnulífsins. Þarfir atvinnulífsins fyrir virk og

náin markaðstengsl hafa mikil áhrif, m.a. hagsmunir útflutningsgreina og nýsköpunarfyrirtækja. Framvinda í íslenskum gjaldeyrismálum skiptir miklu máli og einnig þróun öryggis- og varnarmála í okkar heimshluta. Tengsl Norðmanna við Evrópusambandið geta haft áhrif hér, ekki síst ef til inngöngu Norðmanna kæmi. Einnig gæti upptaka evru í ýmsum nágrannalöndum okkar innan ESB haft þar áhrif. Líkur á því að forysta Evrópusambandsins vilji koma til móts við samningskröfur Íslendinga, t.d. í sjávarútvegsmálum, hljóta einnig að hafa áhrif, og fleira kemur til álita.

Miðað við óbreyttar aðstæður getur samningurinn um Evrópska Efnahagssvæðið áfram verið grundvöllur Evrópusamskipta Íslendinga á næstu árum. Sviptingar í þróun og á vettvangi Evrópusambandsins geta hinsvegar breytt þeirri forsendu á skömmum tíma og kallað á hröð viðbrögð og stefnumótun. Verði breytingar á aðstæðum kann að verða nauðsynlegt að undirbúa tillögu um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu.

Ef til þess kemur á næstu árum að taka þurfi ákvarðanir með skömmum fyrirvara í Evrópumálum er mikilvægt að Íslendingar noti tímann vel og vinni að langvarandi stöðugleika og varanlegu jafnvægi í efnahags-, verðlags- og gjaldeyrismálum. Þetta eiga Íslendingar að gera upp á eigin spýtur og að eigin frumkvæði sem frjáls þjóð. Árangur í þessu kann að taka nokkur ár. Hann er jafnframt forsenda þess að Íslendingar uppfylli Maastricht-skilmálana sem verða, að sínu leyti, skilyrði þess að Íslendingar gætu gengið til Evrópusamstarfsins um sameiginlegan gjaldmiðil ef þeir kjósa í framtíðinni. Fátt bendir þó til að það verði gert öðruvísi en með fullri aðild Íslendinga að Evrópusambandinu.

Ef sótt yrði um aðild Íslendinga að Evrópusambandinu yrði umsóknin að miðast við sérstöðu Íslands, landsréttindi og þjóðarhagsmuni Íslendinga, nauðsynlega aðlögun og öryggisþætti. Í þessu samhengi er vert að benda á að í aðalsáttmála Evrópusambandsins eru ákvæði sem tryggja fjarlægum eyjasamfélögum víðtæka sérstöðu og eigin yferráð, m.a. á sviði fiskveiða og landbúnaðar (299. gr.). Í frumvarpi að aðildarsamningi Norðmanna, sem fellt var í þjóðaratkvæðagreiðslu, er varanlegt ákvæði um eignarhald á fiskiskipum. Í aðildarsamningi Finna eru ákvæði um víðtæk frávik frá landbúnaðarstefnu ESB í formi svæðisbundinna styrkja. Aðildarsamningur Maltverja gerir ráð fyrir nokkrum sérréttindum heimamanna í fiskveiðum og á sviði þjónusturekstrar. Ennfremur eru þar ákvæði um eignarhald á landi og fasteignum. Hliðstæð sérréttindi er varðar eignarhald á fasteignum má einnig finna í aðildarsamningi Dana.

Komi til aðildarviðræðna við ESB skulu niðurstöður slíkra viðræðna bornar undir þjóðaratkvæði, sbr. ályktun flokksþings ársins 2005.

EES SAMNINGURINN OG SAMNINGSMARKMIÐ

Eins og fyrr segir var fyrri hluti nefndarstarfsins nýttur til greiningar og stöðumats út frá fyrirliggjandi gögnum. Í skýrslu þáverandi utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, frá árinu 2000, var m.a. farið í gegnum einstaka kafla EES samningsins m.t.t. til þess hvort þörf væri á því að skilgreina samningsmarkmið í aðildarviðræðum umfram það sem EES samningurinn tryggir.

Eftirfarandi þættir skýrslunnar, sem flesta má finna innan EES samningsins, voru tekin til umræðu í nefndinni:

- Frjáls vöruviðskipti.
- Frjáls för launafólks og sjálfstætt starfandi einstaklinga.
- Fjármálaþjónusta og frjálsir fjármagnsflutningar.
- Samkeppnisreglur.
- Félags- og vinnumál.
- Neytendamál.
- Umhverfismál.
- Hagskýrslugerð.
- Félagaréttur.
- Rannsóknir og þróun.
- Mennta- og æskulýðsmál.
- Menningarmál, hljóð- og myndmiðlun.
- Samgöngur.
- Orkumál.
- Fjarskipti og upplýsingatækni.
- Lítil og meðalstór fyrirtæki.
- Samvinna á sviði dóms- og innanríkismála.
- Skattar og gjöld.
- Tollabandalagið.

Að skoðun lokinni er það mat nefndarinnar að ekki sé mikilvægt að hafa uppi, að sinni, bein samningsmarkmið í ofangreindum málaflokkum umfram það sem kveðið sé á um í EES-samningnum.

MÁLEFNI TIL SÉRSTAKRAR SKOÐUNAR

MYNTBANDALAGIÐ

ALMENNT

Staða og framtíð krónunnar hefur verið áberandi í hagstjórnarumræðunni á Íslandi undanfarin misseri. Bent hefur verið á veikleika þess að halda úti jafn smárrí mynt og krónan á sama tíma og íslenskt hagkerfi verður sífellt alþjóðavæddara. Til að mynda standi hátt gengi hennar undanfarin misseri útflutningsgreinum fyrir þrifum, hamli vexti sprotafyrirtækja sem afla tekna í erlendri mynt og leiði til aukins viðskiptahalla sem ógni stöðugleika í hagkerfinu til lengdar.

Hátt gengi krónunnar er hinsvegar ekki orsök hagstjórnarvanda heldur afleiðing þess ástands sem hér hefur ríkt undanfarin misseri. Gríðarlegar fjárfestingar síðustu ára og innkoma viðskiptabankanna á íbúðalánamarkað hafa til að mynda leitt af sér mikið álag á hagkerfið sem Seðlabankinn hefur aftur reynt að milda með hækkun stýrivaxta. Þær hækkunir hafa ekki haft tilætluð áhrif, ekki síst vegna þess að fjárfestingar innanlands eru í auknu mæli fjármagnaðar með erlendu lánsfé og falla því utan áhrifasvæðis Seðlabankans.

Eftirspurnin í hagkerfinu helst því áfram sterk og gengi krónunnar einnig. Tilkoma svokallaðra jöklabréfa á síðustu árum bæst við sem áhrifavaldur á gengi krónunnar, en eftirspurn eftir þeim stafar af þeim mikla vaxtamun sem ríkir á milli Íslands og annarra sambærilegra hagkerfa.

Við þessar aðstæður hafa ýmsir bent á kosti þess að notast við evruna sem gjaldmiðil í stað krónunnar. Margir kostir geta fylgt því að tilheyra stærra myntsvæði og stærri fjarmagnsmarkaði. Samanburður á milli landa yrði auðveldari, viðskiptahindranir færri og viðskiptakostnaður trúlega lægri til lengri tíma litið. Síðast en ekki síst myndu vextir lækka til gagns fyrir almenning.

En með upptöku evrunnar myndu Íslendingar þurfa að láta af hendi sjálfstæða peningamálastefnu sína sem í dag er okkar helsta stýritæki í efnahagsmálum. Vald til vaxtaákvæðana færðist til Seðlabanka Evrópu sem tekur sínar ákvarðanir í þeim efnum út frá viðameiri hagsmunum en eingöngu íslenskum. Þetta gæti skapað árekstra a.m.k. til skemmri tíma þar sem hagsveiflur á Íslandi og Evrópu fara ekki alltaf saman.

Forgangsverkefni Íslendinga í dag er að halda góðum tókum á stjórn efnahagsmála þ.a. sá vöxtur sem við njótum nú nýttist samfélaginu til góðs. Jafnvægi í efnahagsmálum tryggir lægri vexti og raunhæft gengi gjaldmiðilsins til lengri tíma. Ríkisvaldið, almenningur, sveitarstjórnir og aðilar vinnumarkaðarins þurfa allir að sameinast í því verkefni.

SAMNINGSMARKMIÐ

- Jafnvægi í þjóðarbúskapnum er forsenda þess að Íslendingar geti átt raunhæft val á milli evrunnar og íslensku krónunnar. Slíkt jafnvægi er líka grundvöllur þess að unnt sé að láta af hendi sjálfstæða peningamálastefnu. Í aðildarsamningi yrði því að vera til staðar ákvæði sem gæfu íslenska hagkerfinu það svigrúm og þann aðlögunartíma sem talinn er nauðsynlegur til að undirbúa þátttöku í myntbandalaginu.

SJÁVARÚTVEGUR

ALMENNT

Málefni sjávarútvegsins hafa lengst af verið helsta álitaefnið í ESB-umræðu á Íslandi. Í því ljósi er það grundvallaratriði í allri nálgun við aðildarviðræður að samningsmarkmiðin liggja algjörlega ljós fyrir og að um þau ríki full samstaða.

Sjávarútvegsstefna ESB snýst í hnotskurn um sameiginlega nýtingu á sameiginlegum fiskistofnum Evrópusambandsríkjanna. Hámarksafli er ákveðinn af sameiginlegri yfirstjórn og byggir á álitni sérfræðinga. Ráðherraráð ESB ákveður síðan hámarksaflann og úthlutar honum til aðildarríkjanna með vísan í svokallaðan hlutfallslegan stöðugleika. Hann grundvallast af veiðireynslu einstakra þjóða og mikilvægi sjávarútvegs sem atvinnugreinar í viðkomandi landi. Einstök ríki úthluta síðan sínum hlut heildarkvótans eftir sínu eigin kerfi.

Eins og kunnugt er þá er vægi sjávarútvegs í íslenska hagkerfinu mjög mikið þótt það hafi á síðustu árum lækkað hlutfallslega og vægi annarra greina aukist að sama skapi. Þannig skilaði sjávarútvegurinn 55% af gjaldeyristekjum Íslendinga árið 1993 en árið 2003 var hlutfallið komið niður í 33%. Sama gildir um hlutfall af vergri landsframleiðslu. Árið 1997 var sjávarútvegurinn 12,5% af vergri landsframleiðslu, en árið 2005 var hlutfallið komið niður í 7,5%. En þrátt fyrir þessar breytingar verður mikilvægi greinarinnar seint ofmetið og áriðandi að tryggja hagsmuni hennar í hugsanlegum aðildarviðræðum.

Í EES-samningi er til staðar ákvæði um takmarkanir við fjárfestingum útlendinga í sjávarútvegi. Ólíklegt verður að telja að ESB sé tilbúið að halda þessu ákvæði virku til lengri í aðildarsamningi, auk þess sem bent hefur verið á að gagnkvæmt ákvæði af þessu tagi gæti til lengri tíma takmarkað vaxtarmöguleika íslensks sjávarútvegs í aðildarríkjunum.

Hinsvegar er eðlilegt að erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi lúti ströngum skilyrðum t.d. með því að fá heimild til að setja lög sem binda heimild til fjárfestinga í sjávarútvegi við búsetu. Þótt í öðru samhengi sé, þá má á ESB-vettvangi finna fordæmi fyrir slíkum hömlum á fjárfestingar. T.d. má finna í aðildarsamningum Danmerkur og Möltu skorður á heimildir útlendinga til kaupa á fasteignum í þeim löndum. Einnig er mikilvægt að ekki rofni efnahagsleg tengsl milli útgerðar og heimahafnar.

Ólíklegt verður að telja að í aðildarviðræðum myndi fást varanleg undanþága frá veigamiklum þáttum sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Með slíkum undanþágum væru Íslendingar jafnframt að afsala sér áhrifum á mótun þeirrar stefnu til framtíðar.

Samningsmarkmiðin sem hér eru tilgreind taka mið af þessari stöðu.

SAMNINGSMARKMIÐ

- Tryggð verði full yfirráð Íslendinga yfir auðlindum í efnahagslögsögu landsins.
- Sterk aðkoma Íslendinga að mótun sjávarútvegsstefnu ESB í framtíðinni verði tryggð.
- Tryggt verði að hlutfallslegur stöðugleiki haldist þegar úthlutanir færast á yfirþjóðlega stigið.
- Horft verði til þjóðhagslegs mikilvægis atvinnugreinarinnar.
- Tryggð verði sjálfbær nýting á auðlindinni.
- Heimilt verði að setja lög um efnahagsleg tengsl milli útgerðar og vinnslu við heimahöfn skips, auk ákvæða sem binda heimildir til að fjárfesta í sjávarútvegi við búsetu.
- Íslandi verði tryggt áframhaldandi forræði í samningum við lönd utan ESB um veiði úr sameiginlegum stofnum.

LANDBÚNAÐUR

ALMENNT

Telja verður líklegt að staða íslensks landbúnaðar myndi veikjast umtalsvert við inngöngu í ESB. Breytir þar litlu hvort áætlanir Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) ganga eftir eða ekki.

Stefna ESB í landbúnaðarmálum hefur verið að fjarlægjast þeirri stefnu sem hér er og á það sérstaklega við um styrkjakerfið. Mikið hefur verið dregið úr beinum stuðningi en stuðningur aukist í byggðaðróun, umhverfisverkefni og aðra nýsköpun í dreifbýlinu. Ríkisstuðningur hér á landi er hins vegar að mestu framleiðslutengdur og er greiðslumark og kvóti sem fylgir ríkisstuðningnum „verðmæti“ sem ganga kaupum og sölum. Mikil samþjöppun, með tilheyrandi fjárfestingu, hefur

orðið í einstökum greinum íslensks landbúnaðar á síðustu árum. Framkvæmdaáætlanir bænda taka mið af þeim stuðningi sem gefið er fyrirheit um í samningum ríkisins við þá.

Innganga í ESB myndi leiða til verðlækkunar á landbúnaðarfurðum til neytenda þar sem búvörumarkaður verður hluti af innri markaði ESB og tollar falla niður.

Tollaákvæðanir eru í dag í höndum íslenskra stjórnvalda sem þannig geta haft áhrif á verð matvæla. Við inngöngu í ESB myndu tollar á matvælum gagnvart aðildarlöndum ESB hverfa og hluti landbúnaðarafurða gæti lækkað í verði í kjölfarið.

Lækkun mun einnig koma til á afurðaverði til bænda ef til inngöngu kemur. Hún mun koma misjafnlega niður á hinum einstöku búgreinum og er líklegt að stór hluti mjólkurframleiðslunnar yrði í verulegri hættu og svínakjöts- kjúklinga- og eggjaframleiðsla yrði enn verr úti. Þá er ljóst að unnar afurðir ættu mjög undir högg að sækja í samkeppni við stóra framleiðendur í Evrópu. Bent hefur verið á að heildarstuðningur ESB verði undir helmingi þeirra beingreiðslna sem nú eru til staðar hér á landi. Á móti er þó möguleikinn á því fyrir Íslendinga að styrkja á eigin kostnað innlendan landbúnað umfram það sem kveðið er á um í landbúnaðarstefnu ESB m.a. vegna hnattrænnar stöðu landsins. Fordæmi fyrir slíku má finna sterkust í Finnlandi en Finnar mega styrkja sinn landbúnað 35% meira en önnur aðildarríki ESB að Svíum undanskildum.

Víða má finna ákvæði í aðildarsamningum hinna ýmsu ríkja þar sem tillit er tekið til sérstakra aðstæðna í landbúnaði þeirra. Í 299. grein aðalsáttmála ESB er einnig að finna sérstök varanleg ákvæði, m.a. á sviði landbúnaðar og fiskveiða, um útkjálka sambandsins og fjarlæg og afskekkt úthéruð. Þessi ákvæði veita útkjálkunum verulega sérstöðu að ýmsu leyti.

SAMNINGSMARKMIÐ

- Landbúnaðinum verði gefið svigrúm til aðlögunar sérstaklega með tilliti til ólíks styrkjakerfis og hnattrænnar stöðu.
- Tryggt verði áframhaldandi sjálfræði Íslendinga í sjúkdómavörnum.
- Tryggður verði byggða-, umhverfis-, atvinnu-, og nýsköpunarstuðningur til dreifbýlla svæða.
- Heimilt verði að ríkisstyrkja landbúnaðinn umfram þann stuðning sem ESB veitir líkt og gert er í Finnlandi.
- Ákvarðanir um framleiðslustýringu verði áfram í höndum Íslendinga.
- Láta á það reyna hvort sérstaða Íslands verði viðurkennd samanber ákvæði í 2. málsgrein 299. gr. í aðalsáttmála ESB.
- Hagsmunir vistvænnar landbúnaðarframleiðslu verði hafðir að leiðarljósi.

UTANRÍKIS-, ÖRYGGIS- OG VARNARMÁL

ALMENNT

Evrópusambandið hefur lengst af ekki verið vettvangur samstarfs í öryggis- og varnarmálum og hefur sameiginleg utanríkis- og öryggismálastefna ekki falið í sér eiginlegt samstarf í öryggis- og varnarmálum enda fjöldi aðildarríkja jafnframt í Atlantshafsbandalaginu og hin hlutlaus eða utan varnarbandalaga. Það að Evrópusambandið sé að móta sameiginlega evrópska öryggis- og varnarmálastefnu markar því þáttaskil í sögu ESB og evrópskra öryggismála. Þegar til lengri tíma er litið er fyrirsjáanlegt að hvernig sem til tekst muni þessi viðleitni ESB ekki einungis valda innri breytingum, heldur og einnig hafa áhrif á stöðu og starfsemi Atlantshafsbandalagsins. Þetta ferli innan ESB varðar því nú þegar beinlínis öryggis- og varnarmálhagsmuni Íslands, sem er aðildarríki Atlantshafsbandalagsins en getur hugsanlega einungis fengið óbeina þátttöku í viðeigandi samráði og samstarfi á vettvangi ESB.

Íslensk stjórnvöld hafa frá upphafi stutt þróun Evrópusamstarfsins innan bandalagsins og lýst skilningi á viðleitni aðildarríkja ESB til að þróa sameiginlega evrópska öryggis- og varnarmálastefnu. Það var staðfest með aðild Íslands að yfirlýsingu leiðtogafundar bandalagsins í Washington árið 1999.

Nokkuð bakslag kom í frekari þróun í samstarfi aðildarríkja ESB á sviði utanríkis-, öryggis- og varnarmála þegar ljóst varð að var nýr stofnsáttmáli ESB kæmi ekki til framkvæmda í bráð. Eitt af markmiðum hins nýja stofnsáttmála var að efla samstarf á milli aðildarríkja ESB á sviði utanríkis-, öryggis og varnarmála og var þar mælt fyrir um ýmsar breytingar á skipulagi þessa samstarfs. Evrópusambandið hefur af þeim sökum ekki átt annarra kosta vöð en að leitast við að efla samstarf sitt á þessu sviði innan ramma núgildandi sáttmála.

Þannig hafa aðildarríkin aukið samstarf sitt á sviði varnarviðbúnaðar. Samþykkt hefur verið stefnumörkun ESB til 2010 á þessu sviði auk þess sem komið hefur verið á fót sérstakri varnarmálastofnun ESB sem ætlað er að stuðla að auknu hernaðarbolmagni aðildarríkja ESB, sérstaklega á sviði hættuástands stjórnunar, vinna að samræmingu og samvinnu á hermálasviðinu, efla evrópskan hergagnaiðnað og hvetja til aukinna rannsókna og tækniþróunar.

Auk aðildar að Atlantshafsbandalaginu hefur Ísland tvíhliða varnarsamning við Bandaríkin sem tryggir varnir og öryggi landsins á ófriðartímum. Landfræðileg lega Íslands og margvíslegir hagsmunir á friðartímum eru þess hins vegar valdandi að öryggishagsmunir Íslands verða jafnframt best tryggðir með nánu samstarfi við grannþjóðir í norðri og þjóðir Evrópu.

SAMNINGSMARKMIÐ

- Ísland taki fullan þátt í sameiginlegri utanríkis- og öryggismálastefnu ESB en að tillit verði tekið til annarra stoða í öryggis- og varnarmálum Íslendinga.

LOKAORÐ

Um þessar mundir eru liðin 13 ár frá gildistöku EES-samningsins. Mikið var tekist á um samninginn í þjóðfélagsumræðunni á sínum tíma og allar götur síðan hefur umræða um Evrópumál verið fyrirferðarmikil á Íslandi. Skiptar skoðanir eru um málefnið, sem er eðlilegt þegar horft er til þeirra hagsmuna sem í húfi eru fyrir land og þjóð þegar alþjóðlegar skuldbindingar af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir eru til umræðu.

Fyrir fámenna þjóð eins og Íslendinga er mikilvægt nýta til fulls þau tækifæri sem bjóðast í alþjóðlegu samstarfi. Vel ígrundaðir samningar á þeim vettvangi skapa frjósaman jarðveg fyrir virk samskipti á milli þjóða, hvort sem er á viðskipta-, stjórn mála- eða menningarsviði.

Framsóknarflokkurinn hefur átt stóran þátt í mótun farsællar íslenskrar utanríkisstefnu allt frá lýðveldisstofnun. Að baki farsællar stefnu flokksins liggur vinna á vettvangi hans þar sem ákvarðanir eru teknar og stefna mótuð á grundvelli opinna skoðanaskipta.

Nefndarmenn í Evrópunefnd Framsóknarflokksins, sem skipuð var í kjölfar flokksþings árið 2005 og skilar nú af sér, vonast til að vinna þeirra verði innlegg í áframhaldandi farsæla stefnu flokksins í utanríkismálum.

Nefndarmönnum og öðrum þeim er komu að vinnu nefndarinnar eru færðar þakkir fyrir fórnfýsi og vel unnin störf.

Reykjavík, 28. febrúar 2007,

F. h. Evrópunefndar Framsóknarflokksins,

Orri Hlöðversson formaður